

Nr. 21/1904: Hreppsnefndir Eiða- og Vallahreppa
 gegn
 hreppsnefnd Hjaltaстаðahrepps.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað í héraði af hreppsnefndum Eiða- og Vallahreppa í Suður-Múlasýslu gegn hreppsnefnd Hjaltaстаðahrepps í Norður-Múlasýslu út af tilkalli til eignarréttar að kristfjárjörðinni Kórreksstöðum með Kórreksstaðagerði og til að krefjast uppbótar fyrir vangoldinn landskuldarhluta af téðri jörð síðan 1894, og var málið dæmt í gestarétti Norður-Múlasýslu 3. okt. 1903, með tilkvöddum meðdómsmönnum, þannig, að hin stefnda hreppsnefnd var sýkn dæmd af kröfum áfrýjendanna og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjendurnir hafa nú að fenginni gjafsókn og skipuðum málsfærslumanni áfrýjað nefndum dómi til yfirréttarins með stefnu, dags. 11. ág. í. á. og hefir málsfærslumaður þeirra krafist þess hér fyrir réttinum, fyrst og fremst, að meðeignarréttur Eiða- og Vallahreppa verði viðurkendur að kristfjárjörðinni Kórreksstöðum með hjáleigunni Kórreksstaðagerði, þannig, að hreppar þessir og Hjaltaстаðahreppur eigi nefnda fasteign að sínum $\frac{1}{3}$ hver og að fyrnefndum 2 hreppum verði báðum saman dæmdar kr. 365,33 með 5⁰/₁₀ vöxtum p. a. frá stefnudegi til borgunardags, sem skaðabætur frá Hjaltaстаðahreppi fyrir vangoldna $\frac{2}{3}$ hluti landskuldar jarðanna frá fardögum 1894 að telja. En til vara krefst hann þess, að hin tilgreinda upphæð verði tildæmd hreppunum sem ógoldnar eftirstöðvar af þeim $\frac{2}{3}$ eftirgjalds téðrar eignar, er hreppum þessum jafnan beri

eftir framförnum skiftagjörningum. Loks krefst hann handa áfrýjendum málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati réttarins, þar á meðal hæfilegra málfutningslauna til sín, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál.

Hin stefnda hreppsnefnd Hjaltastaðahrepps hefir og fengið gjafvörn og skipaðan málsfærslumann og hefir málsfærslumaðurinn krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendurnir verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málfutningslaun til sín.

Með skiftagjörningi 4. júní 1782 var Hjaltastaðahreppi skift úr hinum forna Vallahreppi, er náði yfir núverandi Eiða-, Valla- og Hjaltastaðahreppa, og gjörður að sérstökum hreppi, sem tók að sér $\frac{1}{3}$ af ómagabyrði hins upprunalega hreppsfélags. En um fasteignir hins forna Vallahrepps, sem voru tvær, »Fossgerði með 40 álna venjulegri landsskuld og $\frac{1}{2}$ kúgildi, item kristfjárrjörðin Kórreksstaðir, sem er 12 hndr. með 4 kúgildum, á hverra leigum einn sveitarómagi að jafnaði hefir framfærst«, var ákveðið í skiftagjörningnum, að Kórreksstaðir »upp frá þessu« skyldu »fylgja« Hjaltastaðahrepp með sínum kúgildum, en Fossgerði með sínu $\frac{1}{2}$ kúgildi hinum forna hreppi, »en til að jafna það kristfjárrjörðin með sínum kúgildum er betri en Fossgerði, svo er viðtekið að af Hjaltastaðakirkjusókn (= Hjaltastaðahreppi) leggist árlega til hinna 3ggja kirkjusóknanna (= núv. Eiða- og Vallahreppa) 70 álnir eða stórt hundrað og tuttugu f, sem útbetalast skal innan hvers árs allraheilagramessu í peningum eða matvöru til Eiðahrepps næsta hreppstjóra«.

Samkvæmt þessum hreppaskiftagjörningi hefir Hjaltastaðahreppur síðan 1782 til þessa dags haft öll umráð yfir Kórreksstöðum með Kórreksstaðagerði og tekið til sín eftirgjald eftir jarðir þessar, en greitt aftur til Eiða- og Vallahreppa hinar tilskildu 70 álnir, með þeirri breytingu þó, að samkvæmt nýjum samningi 12. febr. 1830 hafa 70 álnirnar verið greiddar með jafnmörgum tólgarpundum eða verði þeirra eftir verðlagsskrá.

Seint á síðastliðinni öld (ö: árið 1878) var eftirgjald eftir Kórreksstaði, sem þangað til hafði ávalt verið (bæði leigur og landskuld) eitt ómagaframfæri, hækkað að mun, en Hjaltastaðshreppur hefir tekið það alt til sín eftir sem áður. Áfrýjendurnir halda því nú fram, að með fyrgreindum skiftagjörningi 1782 hafi eigi verið skift eignarréttinum yfir fasteignum hins forna Vallahrepps, heldur að eins landsskuldunum af þeim, eins og þær þá voru, en það hafi með gjörningnum að eins verið ákveðið, hver hreppurinn ætti að hafa byggingarráðin og umsjónina yfir fasteignunum eftirleiðis. Þeir krefjast þess nú, að eignarréttur þeirra (Eiða- og Vallahreppa) verði viðurkendum að $\frac{2}{3}$ Kórreksstaða með Kórreksstaðagerði og að þeim verði dæmd uppbót hjá Hjaltastaðahreppi fyrir það, er hann hafi haldið fyrir þeim þeirra hluta af hinni hækkuðu landskuld jarðarinnar síðan 1894, er þeim varð kunnugt um hækkunina, en þann hluta telja þeir 365 kr. 38 a.

Af hálfu Hjaltastaðahrepps er því aftur á móti haldið fram, að með skiftagjörningnum 1782 hafi þessum hreppi verið úthlutað jörðin Kórreksstaðir með hjáleigu til æfinlegrar eignar gegn því að hann greiddi

árlega um aldur og æfi hinar tilskildu 70 álnir eða tólgarpund til Eiða- og Vallahreppa.

Skiftagjörningurinn 4. júní 1782 gefur ekki tilefni til að líta öðru vísi á skiftin í þessu atriði en að tilætlunin hafi verið að gjöra fullnaðarskifti einnig á fasteignum hins forna hrepps. Orð skiftagjörningsins verða eðlilegast skilin á þá leið, og sérstaklega skal það tekið fram, að þar sem svo er til orða tekið, að Kórreksstaðir skuli upp frá þessu fylgja Hjaltastaðahreppi, þá er síður en svo, að nokkur ástæða sé til, eins og áfrýjendur vilja, að skilja þessi orð svo, að þar sé að eins verið að ræða um færslu á byggingarráðum og umsjón með jörðinni. Orð þessi hljóta einmitt að þýða það, að jörðin eigi upp frá þessu að tilheyra Hjaltastaðahreppi, eins og hún er rétt á undan í greininni sögð hafa verið »tilheyrandi« hinum forna Vallahreppi, en eigi upp frá þessu að »fylgja« Hjaltastaðahreppi. En það sem tekur af allan efa í þessu efni, er ákvæðið síðar í samningsgreininni um ákveðið árlegt gjald (70 álnir), er Hjaltastaðahreppur skyldi greiða hinum hreppshlutanum »til að jafna það kristfjárrörðin (Kórreksstaðir) er betri en Fossgerði«. Þetta ákvæði verður eigi skilið á annan veg en þann, að Hjaltastaðahreppi hafi verið skift jörðin Kórreksstaðir gegn fastákveðnu og ævarandi árlegu gjaldi til hins hreppshlutans. Með þessu ákvæði var við hreppsskiftinguna gjörður jöfnuður á jarðeignunum, sem skift var, Fossgerði og Kórreksstöðum, og það er algjörlega heimildarlaust og hefir enga stoð í orðum skiftagjörningsins neinstaðar, að leggja þann skilning í téð ákvæði, að 70 álna árgjaldið ætti að standa að eins meðan eftirgjald (land-

skuld) Kórreksstaða og Fossgerðis væri óbreytt hið sama sem þá, er skiftagjörningurinn var saminn, en að það ætti að hækka eða lækka síðar með eftirgjaldi (eða landskuld) jarðanna, enda sést það, að þetta hefir eigi verið tilætlunin, einnig af því, að skiftagjörningurinn ákveður ekkert um það, hvernig skifta ætti eftirgjaldi jarðanna eftirleiðis, ef breyting yrði á því, eða eftir hverju hlutfalli jöfnuði yrði þá komið á milli hrepps- hlutanna. Sérstaklega skal það tekið fram, að hlutfallið $\frac{2}{3}$ á móti $\frac{1}{3}$ er hvergi nefnt í gjörningnum í þessu sambandi, og það verður eigi einu sinni séð, að skift- ingin á þáverandi landskuld jarðanna hafi farið eftir því hlutfalli.

Það verður því að líta svo á, að Hjaltastadahreppi hafi í skiftagjörningnum 4. júní 1782 verið skift jörðin Kórreksstaðir gegn fastákveðnu 70 álna árgjaldi, og þó að minst sé á þetta 70 álna gjald í samningi milli sömu hreppa 12. febr. 1830 »svo sem þeirra (Eiða- og Vallahreppa) hluta af kristfjárjarðarinnar Kórreksstaða landsskuld«, þá verður ekki dregið út úr þeim orðum annað en það, að 70 álna gjaldið hafði verið lagt hrepp- unum fyrir það, að þeir sleptu að öðru leyti landskuld jarðarinnar eða eftirgjaldi við Hjaltastadahrepp. En með samningi þessum, 12. febr. 1830, var ekki tilætlunin að gjöra neina aðra breytingu á gjaldinu en þá, að breyta greiðslumáta þess á þann hátt, er áður er um getið.

Það verður samkvæmt þessu að fallast á það, að gestarétturinn hefir eigi tekið til greina kröfu áfryjend- anna (Eiða- og Vallahreppa) um meðeignarrétt að Kór- reksstöðum með hjáleigu þeirra Kórreksstaðagerði, og sama er að segja um kröfu þeirra til frekari hlutdeildar

í eftirgjaldi jarða þessara en fyrnefnt 70 tólgarpunda gjald. Það ber því að sykna hina stefndu hreppsnefnd af kærnum og kröfum áfrýjendanna í máli þessu og staðfesta gestaréttardóminn að öllu leyti, einnig málskostnaðarákvæði hans. Eftir málavöxtum þykir rétt, að áfrýjendurnir greiði hinum skipaða málsfærslumanni hinnar stefndu hreppsnefndar fyrir yfirdóminum málsfærslulaun hans, er ákveðast 20 krónur, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður. Hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda fyrir yfirdómi verða eigi eftir málalokum dæmd málflutningslaun.

Það vottast, að málsfærslan af hendi hinna skipuðu málsfærslumanna hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir, hreppsnefndir Eiða- og Vallahreppa, greiði málsfærslumanni hinnar stefndu hreppsnefndar Hjaltastaðahrepps, Oddi yfirréttarmálaflutningsmanni Gíslasyni, málflutningskaup fyrir yfirdómi með 20 krónum. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.